

*Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 9/1995
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 6/1995)*

Eddafótó gegn samkeppnisráði

I.

Með bréfi er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála, hinn 28. febrúar 1995, hefur Árni Einarsson f.h. einkafirma síns Eddafótó, kt. 650272-0569, Grettisgötu 18, Reykjavík, kært [ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 6/1995](#) frá 27. janúar 1995. Krefst áfrýjandi þess að nefndin felli úr gildi ákvörðun samkeppnisráðs og að Samkeppnisstofnun grípi til viðeigandi ráðstafana.

Ákvörðun samkeppnisráðs fólst í því að ráðið taldi tiltekna dreifingarsamninga Pennans sf. við Hagkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupfélag Húnavetninga og Kaupfélag Árnesinga ekki brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga.

Samkeppnisráð krefst þess að niðurstaða ráðsins verði staðfest.

Málið var tekið fyrir á fundi áfrýjunarnefndarinnar hinn 31. mars 1995, þar sem málsaðilum var gefinn kostur á að reifa sjónarmið sín. Eftir þann fund taldi nefndin æskilegt að upplýsa málið betur og boðaði af því tilefni talsmann Pennans sf. á sinn fund. Vegna fjarvista nefndarmanna og lögmans Pennans sf. var málinu, með samþykki aðila, frestað til 2. maí 1995. Að loknum fundi þann dag var málið tekið til úrskurðar.

II.

Aðdraganda málsins og athugunum samkeppnisyfirvalda í tilefni þess er ítarlega lýst í forsendum samkeppnisráðs fyrir ákvörðun sinni. Upphaf málsins má rekja til þess að Samkeppnisstofnun barst hinn 14. mars 1994, bréf áfrýjanda, þar sem hann óskaði eftir því við Samkeppnisstofnun að hún kannaði lögmæti þeirra samninga sem aðal samkeppnisaðili áfrýjanda, Sólarfilma hafði gert við ritfangaverslun Pennans sf. Telur áfrýjandi að samningur þessi útiloki fyrirtæki sitt frá viðskiptum við ýmsa smásala nema

fyrir milligöngu og þóknun til Pennans sf. og hafi því veruleg slæm áhrif á stöðu fyrirtækisins.

Í kæru áfrýjanda kemur fram að hún byggi á þeirri afstöðu hans að umræddir samningar og viðskiptahættir brjóti í bága við 10. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og eftir atvikum við 11. gr. sömu laga/og eða önnur ákvæði laganna. Að auki taldi áfrýjandi umrædda samninga brjóta í bága við 53. gr. samnings um evrópska efnahagssvæðið. Lúti kæra hans að því að sá skilningur hans verði staðfestur og að Samkeppnisstofnun grípi eftir atvikum til viðeigandi ráðstafana.

Samkeppnisráð skilaði ekki greinargerð í málinu, en vísaði til þeirra sjónarmiða sem fram komu í forsendum fyrir ákvörðun ráðsins. Vegna fullyrðinga áfrýjanda um að 53. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið ætti við, þá benti ráðið á að sú grein ætti einungis við um umfangsmikil viðskipti. Ennfremur telur samkeppnisráð að 10. gr. samkeppnislaga eigi ekki við í máli þessu þar sem um „lóðrétt“ viðskipti sé að ræða.

Lögmaður Pennans sf. mætti fyrir nefndinni hinn 2. maí 1995. Mótmælti lögmaðurinn meðferð málsins. Taldi hann umbj. sinn hafa stöðu aðila og því hefði verið rétt af nefndinni að kynna honum framkomna kæru og gefa honum kost á að tjá sig um málið. Krafðist lögmaðurinn þess að málið yrði flutt að nýju að honum viðstöddum. Nefndin synjaði þessari kröfu lögmannsins á þeirri forsendu að umbjóðandi hans væri ekki aðili málsins og ennfremur hefði tilefni fyrirtöku þessarar verið tekið skýrt fram í boðunarbréfum til lögmannsins. Í framhaldi af þessu upplýsti lögmaðurinn að beiðni nefndarmanna að samningur umbjóðanda síns og Sólarfilmu væri munnlegur, en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

III.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að samningar af því tagi sem hér um ræðir séu varhugaverðir í þeim skilningi að þeir geti gengið gegn meginmarkmiðum samkeppnislaga. Af þeirri ástæðu er brýnt að samkeppnisyfirvöld freisti þess að fremsta megni að fylgjast með framkvæmd slíkra samninga. Ennfremur er á það að líta að áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á það með óyggjandi hætti að viðskiptum með vörur hans hafi verið hafnað. Með

vísan til þessa og forsendna ákvörðunar samkeppnisráðs telur áfrýjunarnefnd samkeppnismála rétt að staðfesta hana.

Úrskurðarorð:

„Ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 6/1995, frá 27. janúar 1995, er staðfest.“

Reykjavík, 5. maí 1995

Páll Sigurðsson
(sign)

Jónatan Sveinsson
(sign)

Inga Jóna Þórðardóttir
(sign)